



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 27/2020

**Upplýsingar um verð og þjónustuveitanda á vefsíðu Geymslna ehf.,
geymslur.is og geymsla24.is**

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 18. júní 2020, var Geymslum ehf. gerð grein fyrir því að í tilefni ábendingar hafi stofnunin skoðað vefsíður félagsins, geymslur.is og geymsla 24.is, með tilliti til þess hvort þar kæmi fram verð fyrir þjónustu félagsins og upplýsingar um þjónustuveitanda.

Í bréfinu var vakin sérstök athygli á skyldu seljenda til að tilgreina verð með vísan til f. liðar 1. mgr. 10. gr. auk 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.

Þá var vakin athygli á skyldu þjónustuveitenda til að veita upplýsingar um sjálfan sig samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

2.

Svar Geymslna barst með bréfi, dags. 25. júní 2020. Þar segir að Geymslur sé einkahlutafélag sem leigi út geymsluhúsnæði til lögaðila og einstaklinga í nokkrum fasteignum. Tilgangur félagsins samkvæmt fyrirtækjaskrá sé leiga atvinnuhúsnæðis og bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Á heimasíðu félagsins komi jafnframt fram að félagið bjóði upp á geymslurými þar sem sérstök áhersla sé lögð á húsnæði undir 50 fermetrum að flatarmáli.

Í erindi Neytendastofu sé vísað til f. liðar 1. mgr. 10. gr. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins komi skýrt fram að upplýsingaskyldan nái aðeins til fyrirtækja sem séu að markaðssetja tiltekna þjónustu eða tiltekna vöru. Geymslur séu hvorki að markaðssetja tiltekna þjónustu í skilningi laganna né tiltekna vöru. Geymslur séu aftur á móti að bjóða til leigu húsnæði, nánar tiltekið hluta af húsnæði, í skilningi húsaleigulaga nr. 36/1994, til einstaklinga og lögaðila. Samkvæmt 12. gr. skilmála húsaleigusamninga Geymslna, undir kaflanum almenn ákvæði, sé jafnframt skýrt kveðið á um að samningar Geymslna við leigutaka séu húsaleigusamningar en ekki þjónustusamningar.



Samkvæmt öllu framangreindu sé ekki hægt að fallast á að Geyslum beri að birta upplýsingar um verð á vefsíðum sínum auk þess að birta verðskrá á sölustað. Félagið sé hvorki að markaðssetja tiltekna vöru né þjónustu, aðeins að bjóða til leigu geymsluhúsnæði. Ákvæði laga nr. 57/2005, nánar tiltekið 10. gr. þeirra, eigi því ekki við um starfsemi Geyslna.

Lög nr. 30/2002 nái til þjónustuveitenda líkt og þeir séu skilgreindir í 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna en það sé einstaklingur eða lögpersóna sem láti í té rafræna þjónustu, þ.e. þjónustu sem almennt sé veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna. Líkt og fram komi hér að ofan þá gangi starfsemi Geyslna út á það að leigja út húsnæði til lögaðila og einstaklinga. Því sé félagið ekki að selja þjónustu til neytenda í atvinnuskyni sem feli í sér geymslu á lausafjármunum, líkt og kveðið sé á um í lögum um þjónustukaup, nr. 42/2000. Er vísað til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-3620/2018 því til stuðnings.

Loks beri að geta þess að í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2002 sé nánar skilgreint hvað rafræn þjónusta sé og þau skilyrði sem rafræn þjónusta þurfi að uppfylla. Það sé í fyrsta lagi skilyrði um að þjónustan sé almennt veitt gegn greiðslu; í öðru lagi er skilyrði um að þjónustan sé veitt úr fjarlægð með rafrænum búnaði; í þriðja lagi skal þjónustan vera veitt með rafrænum búnaði sem gerir það að verkum að vinnsla og geymsla gagna geti farið fram við sendingu og móttöku þeirra; og í fjórða lagi þarf þjónusta að vera veitt að beiðni þess einstaklings sem þiggur þjónustuna. Í frumvarpinu eru jafnframt tekin dæmi um hvaða þjónusta telst til rafrænnar þjónustu, þar sem hún er veitt að beiðni þjónustuþega. Eru það til dæmis kvikmyndasýningar sem þjónustuþegi biður sérstaklega um, heimasíður sem veita upplýsingar um sjónvarpsdagskrá og viðskiptaorðsendingar sem sendar eru í tölvupósti. Starfsemi Geyslna er með engu móti sambærileg þeirri starfsemi sem talin er upp í dæmaskyni hér að framan. Þar af leiðandi eigi ákvæði laganna ekki við um starfsemi félagsins.

Samkvæmt öllu því sem að ofan greini sé það bersýnilegt að starfsemi Geyslna falli ekki undir fyrrnefnd lög nr. 30/2002. Að auki sé starfsemi Geyslna ekki leyfisskyld og félagið hafi ekki virðisaukaskattúmer þar sem starfsemin sé undanþegin virðisaukaskatti.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar athugasemdir Neytendastofu við upplýsingagjöf á vefsíðu Geyslna ehf., geymslur.is og geymsla24.is. Gerði stofnunin athugasemdir við að verð fyrir þjónustu Geyslna væri ekki tilgreint á vefsíðunum og að á síðunum skorti fullnægjandi upplýsingar um þjónustuveitanda. Af hálfu stofnunarinnar var vegna verðupplýsinga sérstaklega vísað til ákvæða f. liðar 1. mgr. 10. gr. sem og 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með



viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu. Þá var vísað til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, vegna upplýsinga um þjónustuveitanda.

Geymslur hafna því að umrædd ákvæði eigi við í tilviki félagsins. Þannig einskorðist upplýsingaskylda samkvæmt 10. gr. laga nr. 57/2005 við það þegar kynnt er tiltekin þjónusta eða tiltekin vara. Slíkt eigi ekki við um vefsíður Geymslna. Þá hefur félagið hafnað því að lög nr. 30/2002 eigi við um þjónustu þess.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti og raska verulega, eða eru líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Í 1. mgr. 10. gr. laganna er fjallað um hvaða upplýsingar eigi að koma fram í auglýsingum og öðrum sambærilegum viðskiptaaðferðum. Ákvæðið tekur til markaðssetningar í víðum skilningi og á því jafnframt við um vefsíður. Þá segir í ákvæði f. liðar 1. mgr. 10. gr. að veita verði upplýsingar um endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld. Í 2. mgr. 10. gr. er um það fjallað að ef seljandi getur ekki sett fram endanlegt verð á einfaldan hátt verði að upplýsa hvernig verði sé fundið út.

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu. Reglurnar fela í sér nánari útfærslu á ákvæðum laga nr. 57/2005 og kveða á um skyldur þeirra sem selja þjónustu til að verðmerkja og upplýsa neytendur skriflega um söluverð á þjónustu.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 skal þjónustuveitandi veita greiðan og samfelldan aðgang að eftirfarandi upplýsingum um sig:

1. nafni,
2. heimilisfangi þar sem hann hefur staðfestu,
3. kennitölu,
4. póstfangi, netfangi og öðrum þeim upplýsingum sem gera mögulegt að hafa samband við hann á greiðan hátt,
5. virðisaukaskattsnúmeri þjónustuveitanda,
6. þeirri opinberu skrá sem hann er skráður hjá, svo sem hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá eða firmaskrá, og
7. leyfi og eftirlitsaðila ef starfsemi hans er háð leyfum.“



3.

Geymslur hafa við meðferð málsins hafnað því að tilvísuð ákvæði laga nr. 57/2005 geti átt við um upplýsingagjöf á vefsíðum félagsins þar sem ekki sé kynnt tiltekin þjónusta eða tiltekin vara á vefsíðunni. Neytendastofa getur ekki fallist á þau sjónarmið Geymslna. Á vefsíðunum er gerð grein fyrir því hvernig þjónusta félagið veitir ásamt nánari upplýsingum um sérkenni þjónustunnar, t.d. aðgengi og öryggi, opnunartíma, greiðslufyrirkomulag og viðbótarþjónustu, þá er boðið upp á forpöntun geymslu með því að fylla út til þess gert form á síðunum. Þrátt fyrir að á vefsíðunni geymslur.is séu ekki veittar upplýsingar t.d. um stærð einstakra geymslna telur Neytendastofa upplýsingagjöf á vefsíðunni með þeim hætti að 10. gr. laganna eigi við. Að lokum bendir Neytendastofa á að ákvæði laga nr. 57/2005, þ.m.t. 10. gr. laganna, tekur til allrar atvinnustarfsemi sem beint er að neytendum. Því hefur ekki áhrif í máli þessu hvort þjónusta Geymsla teljist geymsla á lausafjármunum í skilningi þjónustukaupalaga nr. 42/2000 eða leiga húsnæðis í skilningi húsaleigulaga nr. 36/1994.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 30/2002 gilda þau um rafræn viðskipti og rafræna þjónustu. Lögin taka til allra þeirra sem veita rafræna þjónustu í gegnum fasta atvinnustöð hérlendis. Það er mat Neytendastofu að atvinnurekendur sem hafa fasta atvinnustöð hérlendis og veita upplýsingar um þjónustu sína í gegnum vefsíðu falli undir lög nr. 30/2002. Samkvæmt framansögðu ber Geymslum að fara eftir ákvæðum laganna.

Af svörum Geymslna er ljóst að 5. og 7. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 eiga ekki við um starfsemi félagsins og koma því ekki til álita. Á vefsíðunni geymslur.is er gerð grein fyrir nafni, heimilisfangi, póstfangi og þeirri opinberu skrá sem félagið er skráð hjá. Á vefsíðuna skortir hins vegar upplýsingar um kennitölu skv. 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002. Á vefsíðunni geymsla24.is er eingöngu að finna póstfang. Á vefsíðuna skortir því upplýsingar um nafn, heimilisfang, kennitölu og þá opinberu skráð sem félagið er skráð hjá skv. 1., 2., 3. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002.

4.

Samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 30/2002 hefur Neytendastofa m.a. eftirlit með 6. gr. laganna. Sé brotið gegn ákvæðinu gilda ákvæði laga nr. 57/2005 um úrræði stofnunarinnar, stjórnvaldssektir og málsmeðferð.

Líkt og að ofan greinir hafa Geymslur brotið gegn ákvæðum 10. gr., sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005, með því að veita ekki upplýsingar um verð á vefsíðunum geymslur.is og geymsla24.is. Þá hefur félagið brotið gegn 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 með ófullnægjandi upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðunni geymslur.is og gegn 1., 2., 3. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002 með ófullnægjandi upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðunni geymsla24.is.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Geymslna að koma verðupplýsingum og upplýsingum um þjónustuveitanda í viðunandi horf á



vefsíðunum geymslur.is og geymsla24.is innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði það ekki gert skulu Geymslur greiða dagsektir í samræmi við 23. gr. laga nr. 57/2005 að fjárhæð 40.000 kr. (fjörtíu þúsund krónur) á dag þar til farið hafur verið að ákvörðun Neytendastofu. Sektorfjárhæðin er ákveðin með mið af meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, umfangs brotsins og fjárhæðum dagsekta í öðrum ákvörðunum Neytendastofu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Geymslur ehf., Skeifunni 8, Reykjavík, hafa brotið gegn ákvæðum 10. gr., sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að veita ekki upplýsingar um verð á vefsíðunum geymslur.is og geymsla24.is.

Geymslur ehf. hafa brotið gegn 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, með ófullnægjandi upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðunni geymslur.is og gegn 1., 2., 3. og 6. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, með ófullnægjandi upplýsingum um þjónustuveitanda á vefsíðunni geymsla24.is.

Geymslur ehf. skulu innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar gera viðeigandi úrbætur á vefsíðunum geymslur.is og geymsla24.is. Verði það ekki gert innan tilskilins frests skal félagið greiða dagsektir að fjárhæð 40.000 kr. (fjörtíu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu.“

Neytendastofa, 9. september 2020

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir